

*Gjafasjóður Þorkels Þorlákssonar. Þorkell Þorláksson, fyrrverandi stjórnarráðsritari, er lézt 24. nóvember 1946, stofnaði með dánargjöf sjóð við háskólann með ofangreindu nafni, og er tilgangur sjóðsins að styrkja stúdent eða kandídat, er leggur stund á fagurfræði. Stofnfé sjóðsins er 2.000 kr., og var það afhent háskólanum 30. desember 1947 ásamt vöxtum, kr. 42,66.*

### **Úr erfðaskrá Þorkels Þorlákssonar.**

„Af eftirlátnum eignum mínum skulu teknar kr. 1.000,00 – eitt þúsund krónur – í peningum og með þeim stofnaður sjóður, er nefnist „Gjafasjóður Þorkels Þorlákssonar,“ skal hann varðveitast og ávaxtast af stjórn Háskóla Íslands – eins og hún er á hverjum tíma – nú Háskólaráði.

Þegar sjóðseignin ásamt vöxtum nemur 50.000,00 – fimmtíu þúsund krónum – má verja árlegum tekjum sjóðsins til styrktar stúdent eða candidat, er leggur stund á fagurfræði (Æstetik), sérstaklega þeirrar greinar fagurfræðinnar er víkur að ytri fegurð og samræmi, og Háskólaráðið telur verðugan styrksins. Háskólaráðið lætur síðan semja nánari reglur um sjóð þenna.“